

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins. 199 30. des.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 35/1950, um verðlagseftirlit o. fl.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112 1950 og lögum nr. 82/1957, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1957.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

REGLUGERÐ

um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

200

24. des.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 0,4% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitan þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir breyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukaváttnsskatt samkvæmt 1. mgr. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Bæjarstjórn getur ákveðið lægra verð þegar sérstaklega stendur á, t. d. fyrir nætarnotkun vatns til iðnaðar.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá ákveða aukaváttnsskattinn, eftir ætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukaváttnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld

200 um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess 24. des. árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Þegar vatn er selt samkv. mælingum, er heimilt að gera þá kröfu, að vatnsrennsli til hvers notanda megi mæla um einn mæli, og er viðkomandi notanda þá skylt að breyta vatnslögnum í því skyni.

3. gr.

Hafnarstjórn ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir einni krónu fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Reykjavíkur veitt í hús, eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

Ef vatninu er veitt um vatnsæðar vatnsveitufélags utan Reykjavíkur, skal ákveða vatnsskattinn til Vatnsveitu Reykjavíkur með samkomulagi aðila, eða eftir mati.

5. gr.

Stjórn vatnsveitunnar er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa og almenningsþörf krefur,

að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar,

að gera kröfu um að vatnsfrek fyrirtæki láti setja upp geyma til vatnssöfnunar (að næturlagi), eða afli sér vatnssparneytnari véla,

að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja eð gera við bilanir á vatnsæðum og tækjum, eyða vatni að þörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkv. mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum í loks hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þess, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1958.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 213 23. des. 1947, með breytingu nr. 7 10. jan. 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.